

Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar 2021 **Rótin félag um konur, áföll og vímugjafa**

Rökstuðningur valnefndar:

Rótin félag um konur, áföll og vímugjafa hefur unnið ötullega að mannréttindum kvenna með vímuefnavanda og/eða áfallasögu.

Markmið Rótarinnar er að stofna til umræðu um konur, fíkn, áföll, ofbeldi og geðheilbrigði og huga að sérstökum meðferðarúrræðum fyrir konur. Félagið hefur komið á mikilvægu samstarfi á milli stofnana, samtaka og annarra fagaðila sem fást við vímuefnaðferð, ofbeldi og úrvinnslu áfalla. Þá styður félagið skaðaminnkandi, valdeflandi og samkenndarmiðaða nálgun.

Rótin hefur frá upphafi verið öflugur málsvari kvenna með vímuefnavanda og áfallasögu og félagið hefur haft mikil áhrif á umræðu með uppbyggilegri og rökstuddri gagnrýni innan málaflokksins, ekki síst á staðnað meðferðarkerfi. Félagið hefur haldið ráðstefnur, umræðukvöld og skrifað fjölda greina um málefni kvenna og fólks með vímuefnavanda. Félagið hefur hvatt hið opinbera til nútímalegrar stefnumótunar og aukins gæðaeftirlits og skrifað fjölda erinda til stjórnvalda, eftirlitsaðila og annarra sem koma að þessum málaflokki.

Félagið hefur haldið uppi öflugri umræðu um kynjaða nálgun í þjónustu við fólk með vímuefnavanda sem hefur stuðlað að umræðu, þróun og aukinni vitund um kynjaða þætti vímuefnaferils fólks.